

Einari presti Þórðarsyni fyrir hönd Egils Árnasonar málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 4. febrúarmán.

Nr. 45/1906:

Réttvísinn

gegn

Kristjáni Eiríkssyni, Guðrúnu Hannesdóttur og Karólínu Gottskálksdóttur.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 23. ágústm. f. á., voru hin ákærðu dæmd þannig: Kristján Eiríksson eftir 231., 230., 253., sbr. 259., 240. og 56. gr. hegningarlaganna 25. júní 1869 til 12 mánaða betrunarhúsvinnu; Guðrún Hannesdóttir, kona Kristjáns, eftir 231., sbr. 56. og 55., 240. og 230., sbr. 55. gr. hegningarlaganna til 8 mánaða betrunarhúsvinnu; og Karólína Gottskálksdóttir, vinnukona nefndra hjóna, samkvæmt 230. gr. hegningarlaganna, til fangelsis við vatn og brauð í 2×5 daga. Öll hin ákærðu voru dæmd til að greiða þessi iðgjöld: Skúla Einarssyni 9 kr., Leonhard Tang & Söns verzlun 9 kr., Edinborgar verzlun 4 kr. 90 a. og Árna Sigurðssyni 3 kr. 50 a. Hjónin Kristján og Guðrún voru dæmd til að greiða þessi iðgjöld: Ara Jónssyni 12 kr., Karítas Hafliðadóttur 12 kr.,

Rósmundi Jónssyni 12 kr. og Leonhard Tang & Sönsverzlun 22 kr. 80 a. Öli hin ákærðu voru ennfremur dæmd til þess að greiða in solidum allan málskostnað í héraði. Dómi þessum hefir verið áfryjað til yfirdómsins bæði eftir ósk hinna ákærðu allra og af hálfu valdstjórnarinnar.

Við rannsókn þá, sem fram hefir farið í málinu í héraði, eru hin ákærðu, sem öll eru komin yfir lögaldur sakamanna og ekkert þeirra áður hefir sætt ákæru, dómi né refsingu fyrir nokkurn glæp, orðin sönn að sök um afbrot þau, er nú skal greina.

Ákærði Kristján Eiríksson, bóndi í Grænagarði við Ísafjörð, stal síðari hlut sumars 1905 2 hrútlömbum, flekkóttu og bíldóttu, er voru komin heim að bæ hans, en voru eign Ara Jónssonar; hann slátraði lömbunum og hagnýtti sér afurðir þeirra; kona hans var í verki með honum að þessu. Um veturnætur 1904 stal ákærði hvíthyrndri á, er komin var heim að bæ hans, en Karítas Hafliðadóttir átti; skar hann síðan ána með aðstoð konu sinnar og hagnýttu þau sér afurðirnar. Um veturnætur 1905 stal ákærði ennfremur í samráði við konu sína og með aðstoð hennar svartri á veturgamalli, sem var rétt hjá bæ hans ásamt kind, er hann átti sjálfur; sótti hann ána þegar dimt var orðið, slátraði henni og hagnýtti sér afurðirnar; var kona hans í verki með honum. Veturinn 1904—05 stal ákærði 2 steinolíutunnum tómunum frá bræðsluhúsi Leonhards Tangs á Ísafirði, og 3 sinnum tók hann þar að ófrjálsum nokkrar smáspítur; veturinn 1905—06 stal hann frá sama bræðsluhúsi 5 tómunum steinolíutunnum, og þrívægis hákallslýsi úr opinni tunnu á 4 potta brúsa; brúkaði hann þetta til eldsneytis, nema

1 fl. af lýsiru, sem hann gaf kindum sínum. Arið 1905 átti ákærði fiskæti geymt út í Hnífsdal; er hann sótti það um haustið, þóttist hann eiga þar sauðskinnsbrok forna, sem hékk í hjallinum hjá fiskætinu, sagði það við manninn, sem gætti hjallsins, og tók brókina til sín; en hann átti eigi brókina, er var eign Sigfúsar Þórðarsonar þar. Vorið 1905 stal ákærði fáeinum steinbítum og að minsta kosti 3 ríklingslengjum í Hnífsdal, er hann var á ferð úr Bolungarvík. Svo hefir ákærði gjörst meðsekur í glæpum vinnukonu sinnar, meðákærðu Karólínu, eins og síðar segir.

Ákærða Guðrún Hannesdóttir, kona Kristjáns Eiríkssonar, var samsek manni sínum í stuldinum á áður- nefndum 4 kindum; hefir hún kannast við, að hún hafi samþykkt allar ráðgjörðir hans að því er þjófnað þennan snertir, aðstoðað hann í framkvæmdinni og hagnýtt sér afurðirnar, en hún þykist eigi hafa átt upptökin að því að stela. Eldivið þann, er Kristján stal, segist hún hafa hagnýtt sér, vitandi að hann var stolinn, ennfremur áður-nefndan steinbít og ríking, er Kristján tók í Hnífsdal. Hún skipaði meðákærðu Karólínu að stela 3 steinolíutunnum til eldiviðar, og fiskæti til matar, og að öðru leyti gjörðist hún eftir á meðsek í glæpum hennar, eins og síðar mun sagt verða. Og yfirleitt var henni kunnugt um alla glæpi manns síns, hilmaði yfir þá og naut ágóðans af þeim.

Ákærða Karólína Gottskálksdóttir, vinnukona þeirra hjóna, Kristjáns og Guðrúnar, stal sumarið 1905 2 brjóstsýkursboxum (eða kössum) úr glugga á verzlunar-skúr Skúla Einarssonar; braut hún rúðu, til þess að ná í kassana, sem stóðu í glugganum; tók hún þá með

hendinni út um rúðuopið; annað hylkið var fult eða því sem næst, hitt nálægt því hálfult. Fór hún svo heim með þýfið, sagði húsbændum sínum frá því litlu síðar, og gæddu þau sér öll á sykrinum og eyddu honum. Tveim dögum áður en ákærða framdi þennan þjófnað frá Skúla Einarssyni, stal hún úr búð Edinborgar verzlunar á Ísafirði 4 postulínsbollapörum, 1 kökudisk og 4 smádiskum, með þeim hætti, að hún braut rúðu í húsinu með steini, og tók úr glugganum þennan glervarning; fór hún með hann heim til sín, sýndi húsbændum sínum hann og gaf síðar húsmóður sinni alt saman, og tók hún við mununum. Um sama leyti stal ákærða Karólína 6 sokkapörum af rimlagirðingu kringum túnblett Kristjönu Guðmundsdóttur á Ísafirði; ferna sokkana gaf hún húsmóður sinni, en tvennum hélt hún sjálf; húsbændum hennar var kunnugt um að sokkarnir voru ófrjálsir. Eftir skipun húsmóður sinnar stal ákærða 3 tómum steinólutunnum við bræðsluhús Tangs verzlunar og voru þær brúkaðar til eldsneytis á heimili þeirra, og hjálpaði hún til að brjóta þær niður; hún tók tunnurarnar í 3 skifti, eina í senn. Vorið 1905 skipaði húsmóðir hennar henni að ná í harðæti eða blautfisk; fór hún þá út í Krók, tók nálægt því 20 steinbíta af rá hjá húsi Árna Sigurðssonar, fór með þá heim og hagnýttu hjónin sér fisk þennan.

Þýfið alt hefir verið metið, og er virðingin, rétt reiknuð, 94 kr. 35 a. Endurgjalds hefir verið krafist fyrir mestan hluta þess.

Afbrot ákærða Kristjáns Eiríkssonar heyrir undir 251. gr., 230. gr., 240. gr. og 253. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsingin hæfilega ákveðin með hliðsjón

af 63. gr. 1 árs betrunarhúsvinna, eins og gjört er í aukaréttardóminum.

Afbrot ákærðu Guðrúnar Hannesdóttur heyra undir 231. gr., 230. gr. sbr. 48. gr. og 55. gr., 240. gr., 230. gr. sbr. 53. gr. alm. hegningarlaga og þykir refsing heðnar einnig hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. 8 mánaða betrunarhúsvinna, eins og gjört er í aukaréttardóminum.

Afbrot ákærðu Karólinu Gottskálksdóttur ber að heimfæra undir 230. gr. og þykir refsingin hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, eins og gjört er í aukaréttardóminum.

Með því að hegningarákvæði dómsins þannig samþykkjast og ekkert þykir að athuga við ákvæði hans um iðgjöld og málskostnað, skal téður dómur staðfestur í öllum greinum. Hin ákærðu eiga og að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

#### Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Hin ákærðu Kristján Eiríksson, Guðrún Hannesdóttir og Karólinu Gottskálksdóttir greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sóknara og hins skipaða

verjanda við yfirdóminn, málfærslumannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Iðgjöldin greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 11. febrúarmán.

Nr. 47/1906:

Réttvísinn

gegn

Samúel Guðmundssyni.

#### D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, upp-  
kveðnum 23. okt. f. á var hinn ákærði Samúel járn-  
smiður Guðmundsson í Reykjavík samkvæmt 171. gr.  
hegningarlaganna sbr. við 47. gr. þeirra, dæmdur til að sæta  
8 mánaða betrunarhúsvinnu og til að greiða allan af mál-  
inu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin  
málsvarnarlaun til talsmanns síns í héraði Eggerts Claes-  
sen yfirréttarmálaflutningsmanns 8 krónur. En þessum  
dómi er eftir beiðni ákærða áfrýjað til yfirdómsins.

Hinn 24. ágúst f. á. kom ákærði nokkuð drukkin  
á heimili Jóhanns Árnasonar húsmanns í Hverfisgötu  
í Reykjavík. Jóhann var ekki heima, en kona hans var  
við og vinnukona og dóttir þeirra hjóna Jóhanna, 23 ára  
gömul. Fekk ákærði því framgengt, að Jóhanna færi út  
með honum, og þóttist hann ætla að fara með hana